



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

# Yfirlit yfir fornleifarannsóknir 2015

Agnes Stefánsdóttir  
Ásta Hermannsdóttir

2017

*Ritstjórn*

Agnes Stefánsdóttir  
Ásta Hermannsdóttir

*Ljósmyndir*

Sjá myndaskrá aftast

*Ljósmynd á forsíðu*

Skálabygging í Lækjargötu 10-12, Reykjavík.  
Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir (Fornleifastofnun Íslands ses.).

© 2017

Minjastofnun Íslands  
Agnes Stefánsdóttir  
Ásta Hermannsdóttir

Öll réttindi áskilin  
ISBN 978-9935-9090-9-1

**Minjastofnun Ísland**

Suðurgata 39  
101 Reykjavík  
Ísland  
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is  
www.minjastofnun.is

## Efnisyfirlit

|           |  |           |
|-----------|--|-----------|
| <b>1.</b> | <b>Inngangur .....</b>   | <b>4</b>  |
| <b>2.</b> | <b>Reykjavík og nágrenni.....</b>  | <b>5</b>  |
| 2.1       | Hlið á Álftanesi .....   | 5         |
| 2.2       | Nes á Seltjarnarnesi .....   | 7         |
| 2.3       | Móakot og tún á Seltjarnarnesi .....   | 9         |
| 2.4       | Móakot og tún á Seltjarnarnesi -<br>framhaldsrannsókn .....  | 11        |
| 2.5       | Stóra-Sel, Reykjavík .....   | 12        |
| 2.6       | Tryggvagata 13, Reykjavík.....   | 13        |
| 2.7       | Framkvæmdauppgroftur í Hafnarstræti 17-19,<br>Reykjavík.....   | 14        |
| 2.8       | Austurhöfn í Reykjavík.....  | 16        |
| 2.9       | Lækjargata 10-12, Reykjavík.....   | 18        |
| 2.10      | Árbær í Reykjavík .....  | 20        |
| 2.11      | Grafið í hólinn – Úlfarsá í Reykjavík.....   | 22        |
| <b>3.</b> | <b>Vesturland .....</b>  | <b>24</b> |
| 3.1       | Hítardalur á Mýrum – Klaustur á Íslandi.....   | 24        |
| 3.2       | Gufuskálar á Snæfellsnesi. Björgunarrannsókn<br>vegna rofs.....  | 26        |
| <b>4.</b> | <b>Vestfirðir.....</b>   | <b>28</b> |
| 4.1       | Breiðavík – Cod Story .....  | 28        |
| 4.2       | Könnunarskurðir vegna ofanflóðavarna í Bíldudal .....  | 30        |
| 4.3       | Hrafnseyri – Arnarfjörður á miðöldum .....   | 31        |
| 4.4       | Auðkúla – Arnarfjörður á miðöldum .....  | 33        |
| 4.5       | Könnunarskurðir í Bænhúshól í Hnífsdal.....  | 35        |
| 4.6       | Mannabein á Dröngum .....  | 37        |
| <b>5.</b> | <b>Norðurland vestra.....</b>  | <b>38</b> |
| 5.1       | Þingeyrar í Húnaþingi - Klaustur á Íslandi.....  | 38        |
| 5.2       | Uppgröftur kirkjugarðs í Keflavík, Hegranesi –<br>Skagafirska kirkjurannsóknin III. áfangi.....  | 40        |
| 5.3       | Colonization and Christianity: the development of<br>Viking Age and medieval hierarchies in<br>Skagafjörður, North Iceland - Uppgröftur .....    | 42        |
| 5.4       | Colonization and Christianity: the development of<br>Viking Age and medieval hierarchies in<br>Skagafjörður, North Iceland - Kjarnaboranir ..... | 43        |
| 5.5       | Erosion and Farmstead Abandonment on<br>Hegranes, North Iceland.....   | 45        |
| 5.6       | Eyðibýggð og afdalir Skagafjarðar IX -<br>Kjarnaboranir .....  | 47        |
| 5.7       | Geirmundarhóll í Flókadal.....   | 48        |
| <b>6.</b> | <b>Norðurland eystra.....</b>  | <b>49</b> |
| 6.1       | Möðruvellir – Klaustur á Íslandi .....   | 49        |

|            |  |           |
|------------|--|-----------|
| 6.2        | Frumdægur Akureyrar .....  | 50        |
| 6.3        | Naust á Akureyri.....  | 52        |
| 6.4        | Munkaþverá – Klaustur á Íslandi.....   | 54        |
| 6.5        | Nýting skóga í Fnjóskadal á 10. öld til þeirrar 13.<br>Uppgröftur á kolagröf ..... | 56        |
| 6.6        | Ingiríðarstaðir í Þegjandadal .....  | 57        |
| 6.7        | Hofstaðir í Mývatnssveit .....   | 59        |
| 6.8        | Mývatnssveit. Kjarnaboranir í öskuhauga .....                                      | 60        |
| 6.9        | Bakkalína, könnunarskurðir vegna framkvæmda .....                                  | 62        |
| 6.10       | Framkvæmdavöktun vegna girðingarvinnu við<br>Dettifossveg .....                    | 64        |
| <b>7.</b>  | <b>Austurland .....</b>  | <b>65</b> |
| 7.1        | Garðlag við Hlíðarendaá .....  | 65        |
| 7.2        | Stöð í Stöðvarfirði – rúst 16:1 í Fjarðabyggð.....                                 | 66        |
| 7.3        | Heydalir í Breiðdal. Könnunarskurðir vegna<br>framkvæmda við Heydalakirkju .....   | 67        |
| <b>8.</b>  | <b>Suðurland .....</b>   | <b>69</b> |
| 8.1        | Fjaðrá. Heiðarbýlin. Fornar rústir á Síðuheiðum.....                               | 69        |
| 8.2        | Þykkvabæjarklaustur – Klaustur á Íslandi.....                                      | 70        |
| 8.3        | Fornbýli í Dumbabót í Fljótshlíð .....   | 71        |
| 8.4        | Skálholt. Nemendagröftur Háskóla Íslands.....                                      | 73        |
| <b>9.</b>  | <b>Reykjanes.....</b>  | <b>74</b> |
| 9.1        | Vogur í Höfnum, Reykjanesbæ .....  | 74        |
| <b>10.</b> | <b>Aðrar rannsóknir .....</b>  | <b>76</b> |
|            | <b>Myndaskrá .....</b>   | <b>77</b> |

## 1. Inngangur

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 veitir Minjastofnun Íslands leyfi til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér, setur reglur um veitingu leyfa og hefur eftirlit með þeim.

Í 11. lið 4. gr. Reglna nr. 339/2013 um veitingu leyfa til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér segir:


*Að lokinni vettvangsrannsókn hvers árs skal skila inn til Minjastofnunar eyðublaði þar sem fram koma grunnupplýsingar um gang rannsóknarinnar það árið. Minjastofnun Íslands mun gefa út yfirlit yfir fornleifarannsóknir hvers árs sem byggir á þessum upplýsingum.*

Nú hefur verið unnið úr þeim eyðublaðum sem bárust fyrir árið 2015 og má sjá fyrstu niðurstöður þeirra rannsókna sem veitt var leyfi til það ár hér á eftir.

Eru upplýsingar eyðublaðanna byggðar á vettvangsskrám en sérfræðigreiningum og úrvinnslu var ekki lokið. Þetta kemur að sjálfsgöðu ekki í stað áfanga- eða lokaskýrslu hvernar rannsóknar fyrir sig.

Rannsóknirnar eru settar upp í kafla eftir minjasvæðum þannig að byrjað er á höfuðborgarsvæðinu og og farið réttshælis kringum landið og endað á Reykjanesi.

Dreifing rannsókna á landinu var mun jafnari árið 2015 en árið 2014. Árið 2014 var t.a.m. engin rannsókn á Vestfjörðum og einungis ein á Austurlandi en árið 2015 voru sex rannsóknir á Vestfjörðum og þrjár á Austurlandi.



Mynd 1. Rannsóknir á Íslandi árið 2015. Númerin vísa til kafla í skýrslunni.


## 2. Reykjavík og nágrenni



Mynd 2. Hlið á Álftanesi. Grjóthlaðinn kjallari. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.

### 2.1 Hlið á Álftanesi

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Ragnheiður Traustadóttir   | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Antikva ehf.    |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015020097            | <b>Númer Þjóms:</b> 2015-05               |
| <b>Staðsetning:</b> A 351728 N 402798         | <b>Póstnúmer:</b> 225 Álftanes            |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 4.8.2015      | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 16.10.2015 |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmda-rannsókn | <b>Aðferð:</b> uppgröftur                 |




Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna minjar á fyrirhuguðu framkvæmda-svæði á og við gamla bæjarstæðið á Hliði. Afar grunnt er á minjarnar en þær yngstu voru beint undir grasrót og aðeins eru um 30 cm niður á náttúrulegan jarðveg á svæðinu þar sem grynnt er. Uppgröftur leiddi í ljós öskuhaug frá 19. öld til fyrri hluta 20. aldar, leifar af húsi (grjóthleðslur) og að öllum líkindum kjallara sem var steinhlaðinn. Kjallarinn hefur verið niðurgrafinn að mestu, í náttúrulegan malarkamb eða hæð til norðurs og austurs, en í mýrlendan, náttúrulegan jarðveg til vesturs og suðurs. Hleðslurnar eru um 1 m að hæð. Kjallarinn var eftir notkun fylltur upp með rusli og grjóthleðslum úr byggingum á svæðinu. Engin gólfög fundust neðst í kjallaranum heldur lágu ruslafyllingarnar beint ofan á óhreyfðum malarkenndum jarðvegi. Hitaveitulögn lá í N-S og raskar því bæði byggingum og öskuhaugi. Mannvistarlög í öskuhaugnum einkennast mest af endurtekinni losun á móösku, skeljum og fisk- og fuglabeinum. Gripir sem fundust í haugnum voru aðallega leirkersbrot og málmgripir ýmiskonar. Ruslölögin sem er að finna inn á milli steinanna í kjallaranum einkennast af samskonar úrgangi og fannst í öskuhaugnum, en í þeim fannst þó töluvert meira magn af gripum. Gripir eins og glerflöskur, glerbrot, leirker, skeljar, dýra-bein, járnplötur, naglar og aðrir járngrípír ýmiskonar. Þar voru einnig járn-pottur, straujárn, draglóð, fiskisleggja og brýni.

Gripirnir virðast flestir vera frá 19. og 20. öld og alls voru skráðir 365 jarðfundnir gripir.

### **English Summary**


The aim of the research was to investigate archaeological remains on a construction plot near to and on the farm mound of Hlið in Álftanes. The excavation revealed stone structures related to later periods of the farm Hlið, from the 19<sup>th</sup> - 20<sup>th</sup> century and a midden from the same period. A square-shaped stone structure - which is thought to be an old cellar - was filled with rubble and rubbish deposits. The eastern and northern part of the cellar was cut into a natural gravel bank or a small hill, but the south and west walls were cut into organic and boggy soil. The walls were approximately 1 m high. There were no actual floor layers so the rubbish deposits inside the structure lay directly on a natural gravel. The midden deposits contained mostly peat-ash, animal bones - fish and bird, and sea shells. Artifacts from the excavation belong to the 19<sup>th</sup> and 20<sup>th</sup> centuries - mainly ceramics, glass bottles, iron objects of various sorts, finer metal objects, animal bones and sea shells. Along with broken fish hammer heads, whetstones and a weight. In total 365 finds.



Mynd 3. Nes á Seltjarnarnesi. Yfirlitsmynd tekin með dróna. Ljósmynd: Gísli Pálsson.

## 2.2 Nes á Seltjarnarnesi

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Gavin Lucas            | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015040125        | <b>Númer Þjóms:</b> 2015-12               |
| <b>Staðsetning:</b> A 353755 N 409714     | <b>Póstnúmer:</b> 170 Seltjarnarnes       |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 11.5.2015 | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 5.6.2015   |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn | <b>Aðferð:</b> uppgröftur                 |



Markmið rannsóknarinnar er að afla upplýsinga um efnismenningu hjáleigu frá 18. öld og veita fornleifafræðinemum uppgrafarreynslu, en uppgröfturinn er hluti af námi þeirra í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar árið 2015 eru þrjúþættar.

Í fyrsta lagi voru grafnar fram tvær byggingar á nýju uppgraftarsvæði sem var opnað vestan við eldra uppgraftarsvæðið frá 2013-2014.

Enn er óljóst hvort þessar byggingar eru samtíma, en nyrðri tóftin (tóft B), er líklega yngri en syðri tóftin (tóft C). Nú er búið að hreinsa ofan af Móakoti öllu en innbyrðis samband milli austurhluta bæjarins ( A) og vesturhlutans (B-C) hefur enn ekki verið greint að fullu. Núverandi túlkun á minjunum er að C sé elst, þá komi A og að B sé yngst. Tóftir C og A eru báðar frá 18. öld, en B virðist vera frá fyrri hluta 19. aldar.

Í öðru lagi komu í ljós eldri mannvistarleifar undir vestustu byggingunni (tóft B) sem þarf að rannsaka betur á næstu árum.

Í þriðja lagi var komið niður á sorphaug vestast á uppgraftarsvæðinu. Í honum voru aðallega fiskbein, en einnig nokkuð af dýrabeinum, móösku og viðarkolum. Nokkrir pokar voru teknir sem sýni úr yfirborði þessa lags, sem liggur að hluta utan við núverandi uppgraftarsvæði. Enn er því mikið eftir ógrafið af þessu lagi sem virðist hafa verið frá 17./18. öld.



### English Summary

The aim of the research is to gather information on the material culture of a tenancy in the 18<sup>th</sup> century as well as give archaeology students at the University of Iceland excavation experience, the excavation being a part of their study at the University. Three major discoveries and conclusions can be made from this year's excavation.

The first discovery was the remains of two buildings on the western side of the area excavated in 2013/14. It remains unclear at this stage if they are contemporary but one (northern structure, B) is probably built later than the other (southern structure, C). We now have the whole building plan of Móakot exposed but the relation between the structure on the east side (A) and those on the west (B, C) remains to be clarified. The current interpretation is that C is the oldest, then A followed by B being the youngest. Structures C and A are both 18<sup>th</sup> century, but B appears to be early 19<sup>th</sup> century.

Second, structures emerging from underneath this western house (structure B) were discovered, which seems to indicate an older presence at the site that will need to be examined in future years.

Lastly, at the westernmost end of the excavation a part of a midden filled with mostly fishbone, but also animal bones and coal and ash remains, was uncovered. Several bags filled with bones were recovered but the midden is still barely scratched. It goes deeper than was possible to excavate this year and also outside of the excavated area westbound, meaning that we will need to come back to it in future digs. Current dating suggests it is 17<sup>th</sup>/18<sup>th</sup> century.



Mynd 4. Móakot og tún. Kort af rannsóknarsvæði með uppmældum skurðum. Ljósmynd: loftmynd sem Seltjarnarnesbær lét í té.

### 2.3 Móakot og tún á Seltjarnarnesi

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Guðrún Alda Gísladóttir    | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses. |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015060024            | <b>Númer Þjóms:</b> 2015-32                             |
| <b>Staðsetning:</b> A 353815 N 409688         | <b>Póstnúmer:</b> 170 Seltjarnarnes                     |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 8.6.2015      | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 10.6.2015                |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmda-rannsókn | <b>Aðferð:</b> könnunarskurðir                          |



Dagana 8.-10. júní 2015 fór fram fornleifakönnun í túninu austan við Móakot á Seltjarnarnesi vegna áforma um byggingu hjúkrunarheimilis. Lóðin, sem er 12800 m<sup>2</sup>, er á fremur sléttu túni sem þó má sjá í misfellur. Lóðin er norðan bæjarstæðis Ness og austan bæjarhóls Móakots. Vélgrafinn var 31 skurður með reglulegu millibili og þar sem misfellur í landinu gáfu til kynna að fornleifar gætu verið undir sverði.

Könnunin leiddi í ljós að mjög ólíklegt er að fornleifar leynist norðan- og austan-til á rannsóknarsvæðinu. Hins vegar eru mannvistarleifar í túninu miðju sem teygja sig til suðurs í átt að húsi Læknaminjasafnsins. Líkur eru á að þar leynist mannvirkjaleifar. Umræddar minjar voru ekki rannsakaðar frekar í þessum áfanga.

### **English Summary**

On June 8<sup>th</sup> - 10<sup>th</sup> an archaeological evaluation was carried out on a planned building plot near the farm mound of Móakot in Seltjarnarnes on behalf of Seltjarnarnes municipality. The targeted area is 12800 m<sup>2</sup> and a total of 31 trenches were evenly distributed on the building plot.

The investigation demonstrated that it is unlikely that any archaeological remains are to be found in the N- and E- part of the plot. But archaeological remains were spotted in the middle and to the south. Those remains were not investigated further at this stage.

## 2.4 Móakot og tún á Seltjarnarnesi - framhaldsrannsókn

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Gísli Pálsson              | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses. |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015060024            | <b>Númer Þjóms:</b> 2015-32                             |
| <b>Staðsetning:</b> A 353820 N 409678         | <b>Póstnúmer:</b> 170 Seltjarnarnes                     |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b>               | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b>                          |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmda-rannsókn | <b>Aðferð:</b> uppgröftur                               |



Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um skil á eyðublaði um lok rannsóknar hafa gögn ekki borist.

### English Summary

Information is not available.



Mynd 5. Steinhúsið Stóra-Sel. Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir.

## 2.5 Stóra-Sel, Reykjavík

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Lísabet Guðmunds-dóttir/Nicola Trbojevic | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses. |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015010046                          | <b>Númer Þjóms:</b> 2015-02                             |
| <b>Staðsetning:</b> A 356114 N 408710                       | <b>Póstnúmer:</b> 101 Reykjavík                         |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 27.1.2015                   | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 27.11.2015               |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmda-rannsókn               | <b>Aðferð:</b> uppgröftur                               |



Rannsóknin var framkvæmd vegna fyrirhugaðrar endurbyggingar hússins Stóra-Sels, en vitað er að húsið stendur á eldri grunni. Niðurstöður fornleifarannsóknarinnar eru helst þær að steinhúsið sem reist var árið 1883 var byggt á grunni torfhúss sem reist var á 18. öld. Mjög brotackenndar leifar voru rannsakaðar af torfhúsinu sem áður var prestbústaður. Innan uppistandandi hússins fundust ummerki eftir útihús og eldhús ásamt broti af ruslahaug. Utan við steinhúsið fannst stétt með þykkum skeljalögum ásamt veggjabrotum hér og þar. Þar sem svæðið var raskað og takmarkaðist við lóðarmörk var afar lítið hægt að segja til um hlutverk rýmanna.

### English Summary

The research was conducted in connection with the intended reconstruction of the house Stóra-Sel, which is known to have been built on the foundations of an older house in late 19<sup>th</sup> century. The results of the archaeological excavations suggest that the stone house at Stóra-Sel, originating from 1883, was built on top of an earlier turf house, which was most likely built during the 18<sup>th</sup> century. Fragmented remains of the turf house, which was originally used as a priest dwelling, were investigated. Inside the existing house of Stóra-Sel, the remains of an outhouse and a kitchen-like building feature were found, along with the remains of a midden. In the area outside of the house, the remains of a stone-built pavement were found containing extensive amount of sea-shells. Also, the remains of different kinds of stone-built walls were identified at a few locations. In some places, primarily because of the bad preservation and spatial limitations, it was difficult to propose an advanced interpretation of the excavated features.

## 2.6 Tryggvagata 13, Reykjavík

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Gísli Pálsson              | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses. |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015060046            | <b>Númer Þjóms:</b>                                     |
| <b>Staðsetning:</b> A 356863 N 408543         | <b>Póstnúmer:</b> 101 Reykjavík                         |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b>               | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b>                          |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmda-rannsókn | <b>Aðferð:</b> uppgröftur                               |



Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um skil á eyðublaði um lok rannsóknar hafa gögn ekki borist.

### English Summary

Information is not available.



Mynd 6. Hafnarstræti 17-19. Horft yfir rannsóknarsvæðið til NV. Steypt plata að koma í ljós. Ljósmynd: Lilja Björk Pálsdóttir.

## 2.7 Framkvæmdauppröftur í Hafnarstræti 17-19, Reykjavík

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Howell M. Roberts          | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses. |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015030075            | <b>Númer Þjóms:</b> 2015-9                              |
| <b>Staðsetning:</b> A 357080 N 408350         | <b>Póstnúmer:</b> 101 Reykjavík                         |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 21.4.2015     | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 30.4.2015                |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmda-rannsókn | <b>Aðferð:</b> uppröftur                                |



Markmið uppgraftarins var að bjarga vitneskju sem finna mátti á lóðinni Hafnargötu 17-19 um sögu Reykjavíkur og hafnarsvæðisins, vegna framkvæmda á staðnum. Rannsóknarsvæðið var mikið raskað þegar fornleifafræðingar komu að verkinu. Malbiki var flett af norðurhluta svæðisins sem var enn að mestu óraskað. Þegar komið var niður á 1 m dýpi fór að bera töluvert á brunaleifum, aðallega brenndum viðarleifum. Lá þetta brunalag nokkuð jafnt yfir því svæði sem rannsakað var. Haugur af brenndum viðarleifum lá fyrir miðjum vesturveggnum. Þegar brunalaginu hafði verið flett ofan af kom í ljós steinsteyp gólf. Kannað var með sniðskurði hvort fleiri mannvistarlög leyndust undir steypu- plötunni en ekki var hægt að greina nein slík. Suðurhluti uppgraftarsvæðisins var mikið raskaður enda hafði vélskófla verið notuð til að grafa fyrir húsgrunni fyrirhugaðs hótels. Var það svæði grafið án eftirlits og því skortir upplýsingar um minjar á þeim hluta svæðisins nema í sniðskurði. Partur af vegg fyrir miðjum suðurhluta uppgraftarsvæðisins var afhjúpaður og kom í ljós síðari tíma lagnaskurður og inngangur. Svart og mjög hart kolalag var við og ofan á innganginum og var gólf í inngangi úr óbrunnum viðarplönkum ásamt því að áletraðir múrsteinar voru við báða enda inngangs.

Allir gripir rannsóknarinnar fundust í einu jarðlagi, brunalagi 002. Gripirnir eru fjölbreyttir og endurspeglar ekki venjulegt heimilishald, fremur iðnað, útisvæði eða þviumlíkt. Samkvæmt gerðfræði og ritheimildum eru greinanlegir gripir frá

eftir aldamótin 1900, sennilega frá tímabilinu c. 1920/30 – 1950. Merkilegt verður að telja óvenju heillegt safn af vín- og öflöskum sem mun veita frekari upplýsingar um innflutning og neyslumynstur Reykvíkinga á millistríðsárunum og á fyrstu árunum eftir seinna stríð.

### **English Summary**

The aim of the research was to salvage the knowledge of the history of Reykjavík and the harbour area that could be found at the site of Hafnarstræti 17-19 before it was destroyed by construction work. The site had been truncated severely by a machine by the time archaeologists were called on site. This resulted in the complete removal of cultural deposits on the south side of the research area, hence only the north part was excavated archaeologically. On the north part, cultural deposits were covered by a tarmac, which was removed by a machine as well as a meter of levelling material (gravel). A substantial burning had taken place at the site, or in a surrounding area as a thick deposit of burnt timber, brick and iron roofing plates was found all over the area. A concrete floor was uncovered beneath the burnt structural material. On the floor was a very thick and compact coal layer.

Finds indicate this was not a residential structure but rather served as an industrial site. A well preserved collection of wine and beer bottles give an insight into the import/consumer patterns of the people of Reykjavík. According to written sources and find types, these deposits can be dated to early - mid 20<sup>th</sup> century c. 1920/30-1950.





Mynd 7. Austurhöfn í Reykjavík. Hafnargarðurinn frá 1928 og bólverkið fyrir aftan. Ljósmynd: Ragnheiður Traustadóttir.

## 2.8 Austurhöfn í Reykjavík

|   |  |
|---|--|
| <b>Leifshafi:</b> Ragnheiður Traustadóttir    | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Antikva ehf.   |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015020014            | <b>Númer Þjóms:</b> 2015-04              |
| <b>Staðsetning:</b> A357124 N408380           | <b>Póstnúmer:</b> 101 Reykjavík          |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 13.5.2015     | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 17.7.2015 |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmda-rannsókn | <b>Aðferð:</b> uppgröftur                |



Rannsóknin fór fram vegna fyrirhugaðra framkvæmda á lóðinni, en áður höfðu prufuskurðir leitt í ljós minjar á ákveðnum svæðum innan hennar.

Við uppgröftinn komu í ljós níu mannvirki; húsgrunnar, kjallarar, bryggjuleifar og hafnargarðar. Ekki eru öll mannvirkin fornleifar, sbr. 3. gr. laga um menningarminja nr. 80/2012.

Hafnargarðurinn 1928–1929 er hlaðinn úr stórgrýti en efsta lag hans úr tilhöggnu grjóti með raufum á þremur stöðum vegna ræsisgerðar. Hann er vel varðveittur, um 94 m á lengd og tæpir 4 m á hæð. Garðinum hefur verið raskað næst Tollhúsinu við Tryggvagötu, þar sem Steinbryggjan (Bæjarbryggjan) hefur verið, með framkvæmdum á 20. öld. Þvergarður við austurenda skríður undir Geirsgötu út fyrir rannsóknarsvæðið. Á þeim garði stóð Verkamannaskýlið svokallaða. Efst í hafnargarðinum eru timburleifar úr Ziemsenbryggjunni og úr honum hanga einnig fjórar gildar keðjur ryðbrunnar.

Bólverkið er hafnargarður frá 19. öld, um 43 m á lengd og 3 m á hæð. Það sést á korti frá 1876 en er hugsanlega nokkuð eldra. Ziemsenbryggjan og Pakkhúsið austan við bólverkið er lægri en garðurinn, um 3,8 m á lengd og 5,6 m á breidd. Bólverkið er vel varðveitt og vandvirknislega hlaðið úr tilhöggnu grjóti.

Íshúsið - Nordalsíshús var byggt árið 1894 og á að baki ýmis byggingarskeið og breytingar. Það samanstóð af nokkrum húsum og var það síðasta rífið 1945. Grunnurinn er ekki heill en hleðslur hafa varðveist úr ýmsum hlutum hússins.

Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um nákvæman aldur fjögurra annarra húsgrunna á svæðinu en ekkert bendir til að þau falli undir skilgreiningu laga um fornleifar.

### English Summary

The excavation was carried out in connection with intended construction work on the plot. Earlier test trenches had revealed archaeological features in certain areas within the plot. The excavation revealed nine structures, foundations of houses, cellars, pier remains and harbour walls. Not all of the structures count as archaeological remains as defined by section 3 of the Icelandic law no. 80/2012 on cultural artefacts. The harbour wall, 1928-1929, is built out of large rocks with a top layer made of carved stones with slits in three places to accommodate sewage. The wall is well preserved, about 94 m long and close to 4 m tall. It was disturbed next to Tollhúsið (Tollhouse) at Tryggvagata during construction in the 20<sup>th</sup> century, where the Steinbryggja (Bæjarbryggja) used to be. An intersecting harbour wall on the east end reaches under Geirsgata outside of the research area. The so called worker's shelter stood on that harbour wall. Wooden remains of the Ziemsen dock lay on top of the harbour wall along with four thick and rusted chains. Bólverkið is a harbour wall from the 19<sup>th</sup> century, about 43 m long and 3 m tall. It can be seen on a map from 1876 but is conceivably quite a bit older. The Ziemsen dock east of Bólverkið is lower than the wall, about 3,8 m long and 5,6 m wide. Bólverkið is well preserved and meticulously built out of carved stones. Íshúsið - Nordalsíshús was built in 1894 and has gone through a series of construction phases and changes. It comprised a number of houses with the last one torn down in 1945. The foundation is incomplete but stone walls have been preserved from various parts of the house. There is no available information yet regarding the exact age of the four other structures on the site but there is nothing to suggest that they fall under the legal definition of archaeological remains.



Mynd 8. Skálabygging í Lækjargötu 10-12, Reykjavík. Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir.

## 2.9 Lækjargata 10-12, Reykjavík

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Lísabet Guðmundsdóttir     | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses. |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015030088            | <b>Númer Þjóms:</b> 2015-10                             |
| <b>Staðsetning:</b> A357010 N408141           | <b>Póstnúmer:</b> 101 Reykjavík                         |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 18.05.2015    | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 24.11.2015               |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmda-rannsókn | <b>Aðferð:</b> uppgröftur                               |



Rannsóknin fór fram vegna fyrirhugaðra framkvæmda á reitnum.

Vettvangsrannsókn fór fram í þremur hlutum. Í fyrsta hluta voru gerðir könnunarskurðir norðan og sunnan við bankabyggingu (Lækjargata 12) til þess að kanna umfang og eðli minja.

Í öðrum hluta var svæðið norðan við bankabygginguna grafið upp. Rannsókn leiddi í ljós húsgrunn Lækjargötu 10a ásamt afar sundurleitum leifum Lækjarkots sem reist var árið 1799. Ásamt minjum frá 18. og 19. öldinni fundust minjar frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Í ljós kom skálabygging sem var um 22 m á lengd og 4-5 m á breidd. Mannvirkið var raskað að austanverðu og norðanverðu

vegna seinni tíma húsbygginga og lagnagerðar. Við uppgröft var hægt að greina allavega þrjú byggingarstig. Í syðsta hluta hússins var að öllum líkindum fjós, norðan við fjósið var rými sem líklegast var vefstaður, norðan við vefstaðinn er óskilgreint rými en þar hafa verið bekkir við hvorn langvegginn ásamt hellulögðu gólfi í miðju. Norðan við það rými var eldstæði en svæðið umhverfis eldstæðið var raskað.


Í þriðja hluta var svæðið sunnan við bankabygginguna rannsakað. Fornleifarannsókn leiddi í ljós húsgrunna bygginga frá fyrri hluta 20. aldar ásamt eldri minjum sem líklegast eru samtíða skálanum. Minjarnar voru afar illa varðveittar vegna framkvæmda á 20. öldinni en á svæðinu hefur verið smiðja ásamt fleiri mannvirkjum sem ekki var hægt að skilgreina frekar.

### English Summary

The excavation was carried out in connection with intended construction work on the plot. The archaeological excavation in Lækjargata was done in three parts. In the first part test trenches were dug north and south of the bank building.

In the second part, the north side of the bank building was almost fully excavated. The excavation revealed known buildings from the 18<sup>th</sup> and 19<sup>th</sup> century and a long house from the first centuries of settlement in Iceland. The age of the building is still not known. The long house had several building phases but in short at the south end of it there seems to have been a byre, north of the byre was a weaving room, north of that room was a room with wooden benches at each side of the walls and the northernmost part of the preserved building was a room with a long fire. The building had been disturbed by building activities during the 19<sup>th</sup> and 20<sup>th</sup> centuries so it is not known how big it was.

In the third part of the excavation the area south of the bank building was excavated. The excavation revealed buildings from the early 20<sup>th</sup> century and a possible smithy and other buildings, which roles could not be established, that are contemporary with the longhouse.



Mynd 9. Framkvæmdasvæði vegna viðhalds á Árbæ, Reykjavík, 2015. Kort: Margrét Björk Magnúsdóttir.

## 2.10 Árbær í Reykjavík

|   |  |
|---|--|
| <b>Leyfishafi:</b> Margrét Björk Magnúsdóttir     | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Borgarsögusafn |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015040124                | <b>Númer Þjóms:</b> 2015-13              |
| <b>Staðsetning:</b> A 362657 N 404785             | <b>Póstnúmer:</b> 110 Reykjavík          |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 5.5.2015          | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 12.6.2015 |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmda-<br>eftirlit | <b>Aðferð:</b> blönduð aðferð            |



Rannsóknin fór fram vegna fyrirhugaðrar viðhaldsvinnu á bæjarhúsunum á Árbæ. Á framkvæmdasvæðinu í drenskurðinum suðaustan við Árbæ voru merki um mannvist í öllum jarðlögum í suðursniði skurðarins nema einu, leifar af mannvirkjum, grjót- og torfhleðslum og ruslalögum. Gjóskulagið Katla~1500 var greinilegt í flestum jarðlögum og neðarlega í skurðinum var það á sínum stað (*in situ*) í suðvestursniði en annars staðar var það ýmist í torfi, flekkjum eða sem dreif. Elsta mannvistarlagið er neðarlega í drenskurðinum, torfblönduð mold með einstaka kola- og móöskuflekkjum undir Kötlu~1500. Út frá sniðum í skurðinum má gera ráð fyrir að mannvistarlög nái að minnsta kosti um fjórtán metra suðaustur af bænum og geti verið allt að tveir metrar á þykkt. Líklegt er að þar megi finna frekari mannvistarleifar frá því fyrir 1500. Þótt elsta heimild um bæinn sé aðeins frá 1464 má gera ráð fyrir að búseta hafi hafist þar mun fyrr.

### English Summary

The research was conducted in connection with intended maintenance work on the houses at Árbær. In the drain ditches southeast of Árbær were signs of cultural activity in the southern section of the ditch: remains of structures, turf walls and midden deposits. Tephra layer Katla ~ 1500 was evident in most strata and in the lower part of the trench it was *in situ* but elsewhere it was either in the turf as lumps or scattered in windblown soil. The earliest remains, turf debris with charcoal and peat ash, were situated in the

east part of the trench under Katla ~ 1500. The trench profile indicates that cultural activities can be expected up to fourteen meters southeast of the farm Árbær and can be up to two meters thick. It is likely that there may be archaeological remains from before 1500, even though earliest written sources mentioning the farm are from 1464.



Mynd 10. Útihús í Úlfarsá. Vesturveggur byggingar og inngangur til suðurs. Mynd tekin í NNA. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.

## 2.11 Grafið í hólinn – Úlfarsá í Reykjavík

|  |  |
|--|--|
| <b>Leyfishafi:</b> Sólrún Inga Traustadóttir | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> N/A            |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015040033           | <b>Númer þjóms:</b> 2015-11              |
| <b>Staðsetning:</b> A 367027 N 406245        | <b>Póstnúmer:</b> 113 Reykjavík          |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 30.5.2015    | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 25.9.2015 |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn    | <b>Aðferð:</b> uppgröftur                |



Grafið í hólinn er fræðslu- og rannsóknarverkefni sem miðar að því að kynna fornleifar og fornleifafraeði fyrir grunnskólanemendum og rannsaka búskaparlandslag á jörðinni Úlfarsá í Úlfarsárdal. Verkefnið fólst í því að gera könnunarskurð í útihús með óþekkt hlutverk til að kanna eðli og umfang þess. Skurðurinn, 2 x 3 m, var gerður í útihúsatóft um 4 x 5 m að stærð í landi Úlfarsár í Reykjavík, um 43 m NNA af bæjarstæðinu. Í ljós kom steinhlaðinn torfveggur með linsu af gjósku úr Kötlu frá árinu 1500. Inngangur vísar til suðurs í átt að bæjarstæði Úlfarsár/Kálfakots. Rústin er byggð ofan á berggrunn að hluta og náttúrulegan jarðveg. Stutt var niður á veggjahleðslurnar, eða um 18 - 20 cm. Töluvert af berggrunnsflísum fundust innan rústarinnar og ofan á veggjum hennar og bendir það til þess að þakið gæti hafa verið hlaðið úr slíkum flísum sem hafa hvílt ofan á veggjunum. Hvorki mannabústaðar- né útihúsagólf fannst innan rústarinnar. Byggingin er þó án efa útihús, staðsett efst uppi á hæðinni innan túngarðs og girðingastaura sem þarna eru. Staðsetning og útlit hennar bendir til þess að hér sé mögulega um hesthús að ræða en þó leikur grunur á að annað hól sé á tóftinni að austanverðu sem er enn ógrafið. Ef svo er þá er sennilegt að þetta séu kvíar eða lítill stekkur. Afar stutt er niður á berggrunninn eða um 38 cm þar sem grynnt er. Um aldur byggingarinnar er erfitt að segja að svo stöddu.

Gripir sem fundust við uppgröftinn tilheyra flestir yfirborðslagi og teljast vera frá 20. öld, og flestir ekki fornleifar skv. 3. grein laga um menningarminjar. Þar

á meðal tveir peningar, eða aurar, frá 1953 og 1957. Aðrir gripir sem fundust eru leirkersbrot úr hvítleir og jarðleir, járnnaclar, járnþynnur, dýrabein, glerbrot og lítið brot af ávaxtasteini - sennilega plómu.

### English Summary

The project is aimed at introducing archaeology to elementary school students and investigate the cultural landscape of Úlfarsá in Úlfarsádalur valley. This year a test trench was dug into an outhouse with unknown function in order to investigate its nature and extent. A test trench, 2 x 3 m, was made in a small ruin about 4 x 5 m in size, belonging to the farmstead Úlfarsá in Reykjavík. A wall made of turf and stones was unearthed with patches of tephra from the volcano Katla, dated to the year 1500. The wall lies on top of the bedrock and natural layers with an entrance facing south towards the farmstead of Úlfarsá. The walls were detected only 18-20 cm under the surface. Bedrock tiles were scattered inside the ruin and also a few lying on top of the wall. This might indicate that the roof was made of such tiles, partly resting on the walls. No obvious floor deposits were detected. The building has been interpreted as an outhouse, possibly to keep horses or a shed belonging to the farmstead. The function and dating of the building will be examined further in the post-ex process.

Artifacts collected from the site are mostly from the topsoil and seem to be from the 20<sup>th</sup> century; coins dated to 1953 & 1957 along with ceramics, glass, bones, iron nails and a small fragment of a plumstone. In total of 25 artifacts.




### 3. Vesturland



Mynd 11. Hítardalur á Mýrum. Staðsetning könnunarskurða. Ljósmynd: Landmælingar Íslands/Vala Gunnarsdóttir.

#### 3.1 Hítardalur á Mýrum – Klaustur á Íslandi

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Steinunn Kristjánsdóttir | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2014060027          | <b>Númer Þjóms:</b> 2014-32               |
| <b>Staðsetning:</b> A 355146 N 481366       | <b>Póstnúmer:</b> 311 Borgarnes           |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 28.5.2015   | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 4.6.2015   |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn   | <b>Aðferð:</b> könnunarskurður            |



Markmið rannsóknarinnar var að leita að rústum klaustursins sem rekið var í Hítardal árin 1166-1207. Farnar voru samtals þrjár vettvangsferðir í Hítardal sumarið 2015. Ein var farin til frekari jarðsjármælinga og tvær til þess að taka nýja könnunarskurði en rannsóknir áranna 2013 og 2014 sýndu litlar vísbendingar um staðsetningu klausturrústanna. Leitarsvæðið var stækkað og leiddu segul- og viðnámsmælar að þessu sinni í ljós skýrt viðnám í jörðu NA við bæinn en þar virtist vera ferhyrind og aflöng rúst.

Út frá þessum niðurstöðum var ákveðið var að taka könnunarskurð þar sem viðnámið fannst. Komið var niður á móöskulag sem náði niður á 1,6 m dýpi. Ýmsir nýlegir gripir fundust í því, t.d. hvítleirsbrot, glerbrot og hollensk krítarpípa. Grafið var niður á jökulleir. Engar rústir komu í ljós.

Annar könnunarskurður var tekinn nokkuð norðan við hinn skurðinn. Mannvist kom í ljós rétt undir grasrótinni. Við tók móaska blönduð stökum steinum og kolum en þetta lag var 70 cm þykkt. Fyrir neðan það var óhreyft leirlag. Könnunarskurðirnir gáfu því ekki frekari upplýsingar um staðsetningu klausturstæðisins í Hítardal.

### **English Summary**


The aim of the study was to search for the ruins of the monastery that operated in Hítardalur 1166-1207. In the summer of 2015, in total three field trips were made. In the first trip a geophysical survey was done and in the other two test pits were dug. In 2013 and 2014 the research showed little evidence of the monastery ruins. The search area was thus expanded when the magnetometer and resistivity survey revealed clear resistance north-east of the farm; it appeared to be a rectangular and an oblong ruin. Because of these results, a test pit was dug where this resistance was measured. Under the topsoil, a peat ash layer was found, it measured 1,6 meters deep. Various artifacts were found in the peat ash layer, all quite recent, e.g. whiteware, glass and a Dutch clay pipe. Under the peat ash there was prehistoric glacial clay. No ruins were revealed. Another test pit was dug somewhat north of the other test pit. A cultural layer was found just under the top soil. A 70 cm thick peat as layer was found, it was mixed with coals and occasional stones. Below it there was an undisturbed clay layer. Therefore these test pits gave no further information on where the monastery ruins are to be found in Hítardalur.



Mynd 12. Flygildismynd af uppgriftarsvæðinu á Gufuskálum. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson.

### 3.2 Gufuskálar á Snæfellsnesi. Björgunarrannsókn vegna rofs

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Lilja Björk Pálsdóttir   | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses. |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015060080          | <b>Númer Þjóms:</b> 2015-40                             |
| <b>Staðsetning:</b> A 266189 N 498166       | <b>Póstnúmer:</b> 360 Hellissandur                      |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 20.7.2015   | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 21.8.2015                |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> björgunarrannsókn | <b>Aðferð:</b> uppgröftur                               |



Rannsóknin er björgunarrannsókn á friðlýstum minjum fornrar verstöðvar sem liggur undir skemmdum vegna ágangs sjávar og vindrofs. Sumarið 2015 voru rannsökuð hús sem voru hlaðin með grjóti og torfi. Þessi hús voru annars eðlis en þau sem rannsökuð höfðu verið áður á staðnum. Munurinn fólst m.a. í því að þessi eldri hús höfðu fleiri og stærra rými auk þess sem grjótið sem notað var í hleðslurnar var ekki sjávarbarið líkt og í þeim yngri. Þá voru eldstæði frekar uppbyggð úr grjóti en ekki einungis niðurgráfin líkt og varð síðar. Mikið af gripum fannst í húsunum, þ.á.m. leirker og tálgaðir gripir úr beini. Gólflög og veggir sem mæld höfðu verið og skráð við uppgriftarlok 2014 höfðu því miður flest horfið í hafið um veturinn en notast var ljósmyndir og teikningar til að púsla saman því sem eftir var til að fá heildstæða mynd af minjunum sem eftir stóðu.

**English Summary**

The project aims at conducting a rescue excavation on a listed archaeological site, the remains of a fishing station which is being damaged by wind and sea erosion. In the summer of 2015 houses built of stone and turf were excavated. These had a different tone to them than houses previously excavated as these older ones were not only larger but had more rooms and corridors connecting them than the later houses. Fireplaces were more frequently built up and reused whereas later, they would be dug down without any stone feature. Many finds were recovered, including ceramics and whittled bone. Many of the walls and floors which had been drawn and measured at the end of season in 2014, had unfortunately eroded during the winter storms but by using photographs and records from previous season, at least some of the structures could be puzzled together again to fit with the remaining structures.


## 4. Vestfirðir



Mynd 13. Breiðavík. Snið teiknað í skurði A. Ljósmynd: Ragnar Edvardsson.

### 4.1 Breiðavík – Cod Story

|   |  |
|---|--|
| <b>Leyfishafi:</b> Ragnar Edvardsson      | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Rannsóknarsetur HÍ á Vestfjörðum |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015060060        | <b>Númer Þjóms:</b> 2015-33                                |
| <b>Staðsetning:</b> A 250383 N 571412     | <b>Póstnúmer:</b> 451 Patreksfjörður                       |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 15.7.2015 | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 20.7.2015                   |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn | <b>Aðferð:</b> könnunarskurðir                             |



Verkefnið er þverfaglegt rannsóknaverkefni sem hefur það að markmiði að kortleggja sveiflur í nýtingu fiski- og fuglastofna á Íslandi frá landnámi til 19. aldar. Markmið rannsóknarinnar er að ná safni þorskeiða til samanburðar á beinum frá Færeyjum og Bretlandseyjum til að skoða breytingar á íslenska þorskstofninum. Fornleifagögnin sýna að í upphafi útgerðar í Breiðavík var aðaláhersla á þorskveiðar og voru þær veiðar sérstaklega til útflutnings. Aðrar tegundir voru veiddar, þ.e. steinbítur, ýsa, lúða og karfi, en líklegast hafa þessar tegundir verið nýttar af vermönnum svo og afli seldur á bæi í nágrenninu. Athyglisvert er að báðir skurðirnir sýna minnkandi þorskafla frá lokum miðalda og er það í samræmi við niðurstöður fyrri rannsókna í Breiðavík og öðrum verstöðvum á þorskstofninum frá sama tíma (Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir et al. 2014). Gögnin sýna líka að steinbítsveiðar aukast þegar líður á búsetu og í lok 19. aldar er steinbítsafli orðin meiri en þorskafla.

Fornleifarannsóknin í Breiðavík sýndi að mest var um útræði frá verstöðinni á tímabilinu 1400 - 1700 en eftir það hnignar útgerð frá Breiðavík. Ein aldursgreining er frá lokum 10. aldar (AD971) og bendir það til að útgerð hafi byrjað snemma í Breiðavík en líklegt er að hún hafi verið með smáu sniði í byrjun en eftir að eftirspurn eftir skreið jókst um 1300 hafi útgerð aukist og náð hámarki í lok miðalda.

**English summary**

The project is inter-disciplinary and aims at mapping fluctuation in the use of fish and bird in Iceland from the settlement till the 19<sup>th</sup> century. The aim of the excavation is to collect cod bones for comparison with bones from the Faroe Islands and the British isles in order to investigate change in the Icelandic cod population.

The excavation material suggest that cod was the main targeted species from the beginning of fishing at Breiðavík. Other species were also targeted, i.e. haddock, wolffish, flatfish and redfish. These species were probably not fished for export but were used by the fishermen themselves and sold to farms nearby. It is interesting that both trenches show diminishing catch from the end of the Middle Ages and it supports other research on historic cod populations in Breiðavík and other fishing sites (Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir et al. 2014). The excavation material also shows that wolffish fishing increases in the early modern period and at the end of the 19<sup>th</sup> century wolffish even surpasses cod.

The archaeological excavation in Breiðavík suggests that the main activity on the site was in the period between 1400 and 1700 but after that fishing declines in Breiðavík. The oldest radiocarbon date is from the late 10<sup>th</sup> century, which suggest that fishing started early from the site, but fishing was probably on a small scale and only increased after 1300 when demand for dried fish increased in Europe.



Mynd 14. Bíldudalur. Gólflag úr útihúsi á gilbarminum. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

#### 4.2 Könnunarskurðir vegna ofanflóðavarna í Bíldudal

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Margrét Hrönn Hallmunds-dóttir | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Náttúrustofa Vestfjarða |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015050027                | <b>Númer Þjóms:</b> 2015-16                       |
| <b>Staðsetning:</b> A 288325 N 583777             | <b>Póstnúmer:</b> 465 Bíldudalur                  |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 14.5.2015         | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 17.5.2015          |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> eðli og umfang          | <b>Aðferð:</b> könnunarskurðir                    |



Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna eðli og umfang minja sem verða fyrir áhrifum vegna framkvæmda. Á bakka Stekkjargils við hliðina á og ofan við húsið Gilsbakka eru hleðslur og þar hafa staðið útihús. Gilsbakki er reistur rétt fyrir aldamótin 1900 og húsin tengjast líklega því húsi og íbúð í því frá aldamótum en húsið er enn í notkun. Heimildarmenn muna eftir útihúsunum sem stóðu vel fram yfir miðja síðustu öld svo líklegt er að þau hafi verið notuð frá um 1900-1970. Byggingin sem kom fram í skurði (B) er líklega ekki eldri en húsið. Ljóst er að minjar eru undir sverði á bakka Stekkjargils við húsið Gilsbakka frá 1890. Líklega eru þetta útihús og kofar frá húsinu. Áhrifasvæði framkvæmda sker í bakkann en fyrirhugað er að breikka gilið og minjar undir sverði munu því skemmast.

#### English summary

The aim of the research is to investigate the nature and extent of archaeological remains that are likely to be affected by construction work in the area. On the bank of Stekkjargil next to the house Gilsbakki, which was built just before the 1900. The house is still standing and in use. The remains that were found in the test trench are from outhouses associated with Gilsbakki. People in Bíldudalur recall them being in use in 1900-1970. If planned development will be carried out on the river bank all these structures are in danger.



Mynd 15. Hrafnseyri við Arnarfjörð. Svæði G. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

### 4.3 Hrafnseyri – Arnarfjörður á miðöldum

|  |   |
|--|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Náttúrustofa Vestfjarða |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015060064               | <b>Númer Þjóms:</b> 2015-35                       |
| <b>Staðsetning:</b> A 296240 N 591852            | <b>Póstnúmer:</b> 471 Þingeyri                    |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 26.6.2015        | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 1.8.2015           |
| <b>Tegund rannsókna:</b> vísindarannsókn         | <b>Aðferð:</b> uppgröftur                         |



Rannsóknin er hluti af verkefninu *Miðaldir í Arnarfirði*, en megintilgangur þess er að skrá fornleifar og rannsaka valdar minjar um elstu byggð í firðinum.

Rannsóknin hefur staðið yfir síðan 2011 en tilgangur rannsókna þessa árs var að kanna eðli og aldur lítillar rústar sem er á milli kirkjugarða og reyna að fá staðfestingu á legu minja samkvæmt niðurstöðu fjarkönnunarrannsókna sem fram fóru árið 2014. Rannsóknir ársins fóru fram á þremur stöðum á jörðinni. Fyrir lá að kanna svæði þar sem frávik höfðu komið fram við fjarkönnunarmælingar árið áður. Kanna átti rúst sem sýndi sterk merki um járn og talið var að gæti verið smiðja eða járnvinnslusvæði. Í ljós kom að þetta var gömul þró sem fyllt hafði verið að járnrusli fyrir um 50 árum. Þó ekki væri um fornleifar að ræða var ljóst að bæði viðnámsmælir og segulmælir greindu sterklega merki um járníð sem er jákvætt.

Skurður var gerður við norðvesturhorn kirkjugarðsins (svæði G) þar sem munnmæli og örnefni herma að undirgangur sá er getið er í Hrafnssögu sé. Á þessu svæði komu fram frávik á mælum. Við rannsóknina 2015 kom í ljós að þarna er bygging enda komu fram tveir veggir í skurðinum. Athyglisvert er að þessi bygging er talsvert neðar en aðra minjar sem rannsakaðar hafa verið frá sama tíma. Frekari rannsóknir eru nauðsynlegar til að skoða hvernig bygging þetta er og þá hugsanlega hvort að um undirgöng er að ræða en miðað við það sem kom fram í skurðinum er það alls ekki ólíklegt.



Rannsókn fór jafnframt fram á svæði sem nefnt var svæði H. Þar kom í ljós kola-gröf sem var grafin upp og önnur kolagröf er við jarðar þess svæðis sem opnað var. Gjall sem fannst í kolagröfinni auk kolagrafarinnar sem fannst árið 2013 benda til þess að á landnámsöld hafi farið fram kolavinnsla og járngerð á Hrafnseyri rétt eins og á Auðkúlu. Frávik sem könnuð voru 2015 og reyndust vera kolagrafirnar eru á mun stærra svæði og því líklegt að fleiri kolagrafir séu í túninu á Hrafnseyri.

### English summary

The research is a part of the project *Arnarfjörður in the Middle Ages*. The project's main goal is to conduct archaeological surveys and excavate selected archaeological remains dating from the first centuries of settlement in the fjord. The research started in 2011 and the main aim of the 2015 excavation was to investigate archaeological remains indicated by a remote sensing survey conducted in 2014. This year's research was conducted in three places within the farm. The remote sensing survey had in one place shown a strong signal of iron, which was thought to be an indication of iron work. By digging a test trench we found that this was an old pit that had been filled with iron objects for about 50 years. Although not archaeological, it was clear that both resistance and magnetic meters clearly signalled the iron, which is positive.

A test trench was excavated at the north-west corner of the cemetery (area G). A structure was discovered in it, with two walls made of turf, and a cut. Interestingly, this structure is considerably lower than other structures from the same time. Further research is necessary to examine this structure, and possibly whether it is an underpass.


A test trench was made in area H. We excavated a charcoal pit and saw another close by that was not opened. C14 dating revealed that that pit had been made in 884. The two charcoal pits now already excavated in Hrafnseyri suggest that people were making charcoal and most likely iron there in the 9<sup>th</sup> century.



Mynd 16. Auðkúla í Arnarfirði. Svæði C. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

#### 4.4 Auðkúla – Arnarfjörður á miðöldum

|  |   |
|--|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Náttúrustofa Vestfjarða |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015060065               | <b>Númer Þjóms:</b> 2015-34                       |
| <b>Staðsetning:</b> A 294566 N 592183            | <b>Póstnúmer:</b> 465 Bíldudal                    |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 26.6.2015        | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 1.8.2015           |
| <b>Tegund rannsókna:</b> vísindarannsókn         | <b>Aðferð:</b> uppgröftur                         |



Rannsóknin er hluti af verkefninu *Miðaldir í Arnarfirði*, en megintilgangur þess er að skrá fornleifar og rannsaka valdar minjar um elstu byggð í firðinum.

Rannsóknin hefur staðið yfir síðan 2013 og voru þær rannsóknarspurningar sem lagt var upp með sumarið 2015 að kanna umfang járnvinnslusvæðis og halda áfram að kanna eðli og umfang rústa á svæðinu.

Niðurstöður voru þær helstar að aðeins virðist vera um einn skála að ræða á þessu svæði. Það sem áður var talið skáli reyndist vera skurður, sem hugsanlega hefur verið grafinn í tengslum við járnvinnslu, og veggur þar við hliðina sem virðist vera frá húsi sem hugsanlega hefur tengst járnvinnslnni. Járnvinnsla hefur farið fram á Auðkúlu en opna þarf stærra svæði til að kanna umfang þeirrar vinnslu. Sumarið 2015 voru minjar á Auðkúlu myndaðar með öflugum dróna með hágæða myndavél. Gerður var könnunarskurður í rúst sem talið var að væri jarðhýsi. Fljótlega kom í ljós að þarna var um að ræða lítinn kirkjugarð og í miðju hans var bænhús. Varðveisla beina reyndist engin í garðinum enda jökulruðningur. Ef rannsóknir árána 2013 og 2015 eru skoðaðar, sem og myndir sem teknar voru með dróna sumarið 2015, er ljóst að á Auðkúlu var búið um árið 1000 enda líklegt að kirkjugarðurinn sé frá fyrstu 100 árum kristni á Íslandi. Á svæðinu er skáli, hringlaga kirkjugarður og jarðhýsi auk þess sem fleiri byggingar eru í túninu, t.a.m. rúst sem að öllum líkindum er fjós og túngarður. Ofan við byggingarnar er svo járnvinnslusvæðið. Uppgröftur á skála, jarðhýsi og útihúsum myndi að öllum líkindum ekki bæta við þá þekkingu sem við höfum af

byggingum frá þessum tíma. Hins vegar er athyglisvert að skoða frekar járnvinnslusvæðið og rannsaka bænhúsið og kirkjugarðinn sem virðist líkjast mjög þeim kirkjugörðum og bænhúsum sem er verið að rannsaka innan Skagfirsku kirkjurannsóknarinnar og eru frá fyrstu 100 árum kristni á Íslandi. Rannsókn á bænhúsinu og kirkjugarðinum myndi útvíkka þá rannsókn sem hefur bætt mikið við þekkingu okkar á fyrstu skrefum Íslendinga í kristinni trú. Þar sem varðveisluskilyrði beina eru slök er ekkert unnið með því að opna fleiri grafir í kirkjugarðinum en forvitnilegt að rannsaka bænhúsið og kirkjugarðinn sjálfan og setja í samhengi við niðurstöður Skagfirsku kirkjurannsóknarinnar.

### English summary

The research is a part of the project *Arnarfjörður in the Middle Ages*. The project's main goal is to conduct archaeological surveys and excavate selected archaeological remains dating from the first centuries of settlement in the fjord. The research started in 2014 and the research questions for Auðkúla in the summer of 2015 were to investigate the extent of the iron production area and continue to research the nature and extent of the area. The results are that the excavated ditch was possibly associated with iron production and a wall next to it appears to be from a house that may have been associated with iron production. Most likely to store bog iron. Iron production was carried out at Auðkúla, but larger areas need to be opened to see the extent of that process.

It soon became apparent that there was a small cemetery and in its centre was a prayer house (very small church). No remains of skeletons have been found, probably because they were either moved to another location or that the preservation of bone is poor on the site. The first is the most likely scenario. The research on the graveyard and the church will be continued with the help of experts from the Skagafjörður Church and Settlement Survey.



Mynd 17. Hnífsdalur. Fiskþurrkunarreitir, skurður B. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

#### 4.5 Könnunarskurðir í Bænhúshól í Hnífsdal

|  |   |
|--|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Náttúrustofa Vestfjarða |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 201507004                | <b>Númer þjóms:</b> 2015-43                       |
| <b>Staðsetning:</b> A 313705 N 630058            | <b>Póstnúmer:</b> 410 Hnífsdalur                  |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 11.7.2015        | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 12.7.2015          |
| <b>Tegund rannsókna:</b> vísindarannsókn         | <b>Aðferð:</b> könnunarskurðir                    |



Grafnir voru tveir skurðir í svokallaðan Bænhúshól í Hnífsdal. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna minjar um elstu byggð í Hnífsdal vega héraðssöguritarar svæðisins. Verkið var unnið í samvinnu við Kristján Pálsson sagnfræðing sem vinnur að ritun sögu Hnífsdals og hluti þess verkefnis er að kanna elstu byggð.

Teknir voru tveir skurðir í Bænhúshólinn sem voru 1 x 3 og 1 x 2 m á stærð. Í öðrum skurðinum fannst mikið af ruslalögum sem greinilega hafði verið ýtt til á svæðinu því gripir voru mjög dreifðir í aldri. Ekki fundust nein merki um grafir í þessum skurði. Í hinum skurðinum kom í ljós grjóthlaðið gólf sem gert hafði verið úr sjóbörðu grjóti sem stungið hafði verið í jarðveginn. Heimildir eru um að á þessu svæði hafi verið fiskþurrkun og telja verður líklegt að þessi steinhleðsla sé fiskþurrkunarreitir. Engin merki voru um grafir undir þessu lagi. Ekki tókst að finna merki um grafir eða bænhús í þessum tveimur skurðum. Örnefnið er sterkt og eykur líkur á því að þarna hafi staðið bænhús en engar ritheimildir eru til fyrir því. Ólíklegt er að bænhús hafi staðið á þessum hól því við rannsóknina kom í ljós að hóllinn er að mestu úr möl og grjóti.

### **English summary**

Two test trenches were made in the so-called Bænhúshóll, a mound located in the village of Hnífsdalur. The purpose of the research was to try to find remains of the oldest settlements in Hnífsdalur. The work was in collaboration with Kristján Pálsson, a historian who is writing the history of Hnífsdalur.


Two trenches were made, 1 x 3 and 1 x 2 m, on each side of the Bænhúshóll. No signs of graves were found on the mound. In one trench a stone pavement was found, which was from the time when fish was laid out there to sun dry. In the other there was a lot of midden debris that had been thrown down from the hill the settlement stood on. There are no written documents of a bænhús (prayer house) ever being there and now it is clear that there are no graves located on this gravel mound.



Mynd 18. Drangar á Ströndum, snið. Ljósmynd: Sigurður Bergsteinsson.

#### 4.6 Mannabein á Dröngum

|   |  |
|---|--|
| <b>Leyfishafi:</b> Sigurður Bergsteinsson   | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Minjastofnun Íslands |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015060104          | <b>Númer Þjóms:</b> N/A                        |
| <b>Staðsetning:</b> A 371228 N 635415       | <b>Póstnúmer:</b> 524 Árneshreppur             |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 23.6.2015   | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 24.6.2015       |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> björgunarrannsókn | <b>Aðferð:</b> uppgröftur                      |



Rannsókn var gerð vegna fundar á kjálka úr manni við stækkun á skemmu við íbúðarhúsið á Dröngum á Ströndum.

Rannsókuð voru snið í holunni. Þar var að finna dökkt, mjög sótað mannvistarlag undir rótudu moldarlagi. Fyrir neðan mannvistarlagið var óhreyfð brún mold. Ekkert fannst sem bendir til að þarna hafi verið grafreitir og ekki fundust fleiri manna-bein.

Líklegt verður því að teljast að kjálkinn hafi ratað á þennan stað annars staðar frá, e.t.v. frá bænhúsi/kirkju sem vitað er að var á bænum.

#### English summary

The reason for this field investigation was that human mandible was found during construction work at Drangar in Árneshreppur. Sections at the site were cleaned and investigated. A dark cultural layer with charcoals and soot was found directly above sterile soil. Above that there were mixed soil layers.

No more human bones were found and no evidence of burials.

The mandible must therefore be secondary on this site. It might have come from a graveyard associated with a church that is known to have been close to the older farmhouse at Drangar.

## 5. Norðurland vestra



Mynd 19. Þingeyrar – staðsetning könnunarskurðar. Ljósmynd: Landmælingar Íslands/Vala Gunnarsdóttir.

### 5.1 Þingeyrar í Húnaþingi - Klaustur á Íslandi

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Steinunn Kristjánsdóttir | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015020039          | <b>Númer Þjóms:</b> 2015-48               |
| <b>Staðsetning:</b> A 435293 N 562331       | <b>Póstnúmer:</b> 541 Blönduós            |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 10.8.2015   | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 12.8.2015  |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn   | <b>Aðferð:</b> könnunarskurður            |



Markmið rannsóknarinnar var að leita að rústum klaustursins sem rekið var á Þingeyrum árin 1133-1551. Einn könnunarskurður (2 x 2 m) var tekinn á svæðinu norðan við gamla bæinn á Þingeyrum. Fjarkannanir benda til þess að þar séu í jörðu miklar minjar. Ákveðið var að taka skurðinn í meinta kirkjurúst sem sást á viðnámsmælum. Komið var fyrst niður á steinhleðslu sem virtist vera af garði. Þar undir var komið niður á þykkan og mikinn torfvegg sem innihélt gjósku sem var greind úr Heklugosi árið 1104, en einnig Kötlugjósku sem líklega féll nokkru fyrir landnám. Ekki var gjóskulag að finna *in situ* í skurðinum, hvorki undir né yfir veggnum. Landnámslagið hefur því verið grafið burt þegar veggurinn var hlaðinn og stóð hann ofan á forsögulegri Heklugjósku. Ekkert gjóskulag lá yfir rústunum til að hjálpa við frekari aldursgreiningu en hægt er að geta sér til um að veggurinn hafi verið hlaðinn ekki löngu eftir að gosið varð í Heklu árið 1104, ef tekið er tillit til jarðvegsþykknunar. Einnig var komið niður á veglega stoðarholu, sem tilheyrði þessum vegg, í könnunarskurðinum. Virðist hann vera frá klausturtíma og eru þess vegna töluverðar líkur á að klausturkirkjan sé fundin. Viðnámsmælingin sýnir alltént kirkjugrunn með kór þarna í jörðu og er hún mun stærri en þær kirkjur sem heimildir eru til um á Þingeyrum eftir klausturtíma.

Nýleg gröf fannst einnig sunnan megin í skurðinum. Grafið var niður að kistunni en hún var látin vera. Hún virtist vera frá 19. öld miðað við kistuskrout sem á henni var. Gröfin skar hluta af torfveggnum.

### English Summary

The aim of the research was to search for the ruins of the monastery that operated in Þingeyrar in 1133-1551. One test pit (2 x 2 m) was dug in the area north of the old farmhouse at Þingeyrar. In August 2015 geophysical survey indicated that extensive ruins are to be found in the ground there. An alleged church ruin was seen in the results from the resistivity survey and the test pit was dug there. A stone structure was found and it appeared to be a cemetery wall. Below it there was a very thick turf wall with tephra layers from Hekla 1104 and another from Katla before the Landnám layer. No tephra layer was found *in situ*, neither above nor below the wall. The wall was built on top of a prehistoric Hekla tephra. No tephra layer was found to date the wall but it can be assumed that the wall was built soon after the eruption in Hekla 1104 due to the soil thickening. A very large posthole was also found belonging to this wall. The wall seems to be from the monastic period and it's quite likely that the monastic church has been found. The resistivity results show the outlines of a church with an apse and it measures much larger than the churches that are known to have stood in Þingeyrar during post-monastic periods. However, a rather recent grave was found in the south end of the test pit. A coffin was found but the grave was not excavated. The grave appeared to be from the 19<sup>th</sup> century according to an ornament on the coffin. The grave was cut into a part of the turf wall.





Mynd 20. Uppgraftarsvæðið í Keflavík séð úr dróna. Ljósmynd: Guðný Zoëga.

## 5.2 Uppgröftur kirkjugarðs í Keflavík, Hegranesi – Skagfirska kirkjurannsóknin III. áfangi

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Guðný Zoëga            | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Byggðasafn Skagfirðinga |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015060056        | <b>Númer Þjóms:</b> 2015-36                       |
| <b>Staðsetning:</b> A 477283 N 581877     | <b>Póstnúmer:</b> 551 Sauðárkrúkur                |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 6.7.2015  | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 14.8.2015          |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn | <b>Aðferð:</b> uppgröftur                         |



Verkefnið er fyrsti hluti af þriðja og seinasta áfanga skagfirsku kirkjurannsóknarinnar sem verður hluti af stærra þriggja ára rannsóknarverkefni. Ætlunin er að grafa upp í heild sinni kirkju og kirkjugarð úr frumkristni að Keflavík í Hegranesi.

Þegar búið var að hreinsa hluta af 20. aldar ruslahaugi sem lá yfir vesturhluta garðsins var komið niður á Heklugjósku frá 1300. Gjóskan lá yfir svæði sem hefur verið sléttá áður en gjóskan féll. Minjar neðan gjóskunnar voru óskaddaðar nema hvað rotþró hafði verið grafin ofan í kirkjugarðinn norðvestanverðan og RARIK hafði grafið skurð í austanverðan garðinn og þar með í gegnum fótenda þriggja grafa.

Við uppgröftinn kom í ljós kirkja sem hefur verið byggð snemma á 12. öld, líklega á grunni eldri kirkju. Kirkjan hefur verið timburkirkja með torfveggjum. Kór var úr austurhlíð kirkjunnar. Kirkjuskipið var 4,6 x 3,5 m að innanmáli en kórinn um 2 x 2,2 m að stærð.

Kirkjan stóð í miðjum hringlaga kirkjugarði sem var 15 m í þvermál. Kirkjugarðsveggurinn hefur verið úr torfi en hann hefur verið fjarlægður eða sléttá úr honum þegar garðurinn og/eða kirkjan voru aflögð.

Átta grafanna 14 voru frá því eftir 1104 en fimm grafir lágu undir 1104 gjóskunni. Ein gröf hefur hefur verið tæmd á 12. öld en ekki var hægt að fullyrða hvort hún hefur verið frá því fyrir eða eftir að gjóskan féll. Kistur voru í flestum grafanna og fundust nokkrar viðarleifar og fjölmargir naglar. Varðveisla beina var með ágætum en grafirnar innihéldu beinagrindur fimm kvenna, eins unglings, stálpaðs barns og sex ungbarna.

**English Summary**

This is the first year of the third and last part of the Skagafjörður Church project which will be a part of a bigger, three year research project. The aim is to excavate in its entirety the church and churchyard in Keflavík, Hegranes.

The summer of 2015 was the first of a three year archaeological excavation of that 11<sup>th</sup> century Christian church and cemetery. The remains were complete apart from a 20<sup>th</sup> century cess pool that had been excavated into the north-western part of the cemetery and a trench dug by the electric company RARIK. The cemetery had been discovered in 2013 when the electricity trench was dug as it cut through three of the graves in the cemetery.

The excavation revealed the remains of a church that had been built early in the 11<sup>th</sup> century. The church had a choir and was built of timber with external turf walls. The nave of the church measured 4,6 x 3,5 m internally and the choir 2 x 2,2 m.

Fourteen graves were excavated, eight dated to the early 12<sup>th</sup> century, five were pre-1104 and one grave had been emptied post 1104 so it could not be determined when it was dug.



Mynd 21. Prufuskurður 3 í Keflavík, Hegranesi. Douglas Bolender, Eric Johnsson og Guðmundur Sigurðarson. Ljósmynd: John Steinberg.

### 5.3 Colonization and Christianity: the development of Viking Age and medieval hierarchies in Skagafjörður, North Iceland - Uppgröftur

|   |  |
|---|--|
| <b>Leyfishafi:</b> John Steinberg         | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fiske Center for Archaeological Research, Boston |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015060058        | <b>Númer Þjóms:</b> 2015-37  |
| <b>Staðsetning:</b> A 478280 N 578660     | <b>Póstnúmer:</b> 551 Sauðárkrókur   |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 6.7.2015  | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 15.8.2015                                   |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn | <b>Aðferð:</b> uppgröftur  |



Fyrir yfirlit um verkefnið á íslensku, sjá íslenska samantekt fyrir rannsókn 5.4.

#### English Summary

The primary purpose of the project is to identify buried domestic sites and to characterize the extent and periods of occupation on known farmsteads. The test pits excavated in 2015 were all designed to provide dating, particularly establishment dates, for features and farm mounds. Ash and midden deposits with obvious tephra layers were targeted for excavations. These deposits, and specific locations within them, were located with coring and/or geophysics. These test pits provide a major part of the data collected for a settlement pattern study of Hegranes. Twenty-one test pits were excavated during the 2015 field season.


At Ás 10 test pits were excavated. Four of the Ás test pits were at the main farm mound and six were excavated into the outlying farmsteads. One test pit was excavated at the Garður farm mound. At Keflavík, five test pits were excavated. One of the test pits was placed into an outlying farmstead and another into a wall feature. Of the three test pits that were into the main farm mound, two of them eventually became part of the Keflavik cemetery excavation. Three test pits were excavated at Keldudalur, one into the main farm mound and two into an outlying activity area. Finally, one test pit was excavated into the main farm mound at Hróarsdalur.



Mynd 22. Joe Trebilcock og Eric Johnsson taka borkjarna í Túnfæti á Ási. Ljósmynd: John Schoenfelder

#### 5.4 Colonization and Christianity: the development of Viking Age and medieval hierarchies in Skagafjörður, North Iceland - Kjarnaboranir

|   |  |
|---|--|
| <b>Leyfishafi:</b> Douglas Bolender       | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> University of Massachusetts Boston |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015060059        | <b>Númer Þjóms:</b> 2014-15                                  |
| <b>Staðsetning:</b> A 478280 N 578660     | <b>Póstnúmer:</b> 551 Sauðárkrúkur                           |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 6.7.2015  | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 15.8.2015                     |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn | <b>Aðferð:</b> borun   |



Sumarið 2015 fóru fram fornleifarannsóknir á fimm jörðum í Hegranesi í Skagafirði. Rannsóknirnar voru í formi ítarlegrar könnunar með töku kjarnabora og könnunarskurða og var ætlunin að kanna aldur jarða og stærð þeirra í upphafi. Rannsóknirnar voru hluti af stærra rannsóknarverkefni, Skagfirsku kirkju- og byggðasögurannsókninni þar sem allar jarðir í Hegranesi verða kannaðar með tilliti til aldurs og byggðapróunar. Jarðirnar fimm voru Ás, Garður, Hróarsdalur, Keflavík, og Keldudalur. Gjóska úr Heklu sem féll 1104 e.Kr. var notað sem leiðarlag varðandi skilgreiningu á elstu byggð. Ás reyndist stærsta jörðin fyrir gjóskufallið (alls 14,000 m<sup>2</sup>) og var jafnframt elsta jörðin, byggð við upphaf landnáms. Keldudalur (11,400 m<sup>2</sup>), Keflavík (6700 m<sup>2</sup>) og Hróarsdalur (5,300 m<sup>2</sup>) voru allar í byggð á fyrri hluta 10. aldar. Yngsta býlið reyndist Garður (4500 m<sup>2</sup>), stofnað á milli 1000-1104 e.Kr. Stærð jarðanna tók litlum breytingum eftir 1104 og 1300 nema býlið Garður sem var orðin þriðja stærsta jörðin um 1300.

#### English Summary

The primary purpose of the coring survey in Hegranes was to identify buried domestic sites, to characterize the extent and periods of occupation on known farmsteads, and to locate areas for small text excavations. Farm-mounds and surrounding areas were cored at the farms of Keflavík, Garður, Ás, Keldudalur, and Hróarsdalur. The main findings of

the 2015 coring survey in Hegranes are as follows. These should all be taken as preliminary interpretations.


1. All of the farms have evidence of domestic activity before the fall of the Vj~1000 AD tephra layer. Most of the farms show evidence of domestic activity before the fall of the mid-10<sup>th</sup> century tephra layer and were likely established during the historically identified settlement period (ca. AD 870-930).
2. All of the farm-mounds, with the exception of Keflavík (discussed below), appear not to have moved significantly since they were originally established. Building and primary midden locations have shifted over the history of the farm-mounds.
3. Keflavík has two areas of domestic occupation that date to before the Vj~1000 AD tephra layer: one corresponding to the medieval and modern farm location occupied until 1979, the other is in the modern hayfield between the old farm-mound and the contemporary dwelling. Further research is necessary to determine if these sites were contemporary or if they represent relocations of a single farmstead.
4. The place name Hegrastaðir on the modern farm of Ás, associated with the original settlement farm in Hegranes by local informants, did not have any evidence for an early domestic site. The location had a medieval enclosure wall and a number of turf outbuildings.



Mynd 23. Nemarnir Allison Carlton, Ceecee Cesario og Shala Carter taka borkjarnar á Minni-Ási.  
Ljósmynd: Kathryn Catlin.

## 5.5 Erosion and Farmstead Abandonment on Hegranes, North Iceland

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Kathryn A. Catlin      | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Northwestern University |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015060059        | <b>Númer Þjóms:</b> 2015-38                       |
| <b>Staðsetning:</b> A 477919 N 574035     | <b>Póstnúmer:</b> 551 Sauðárkrókur                |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 6.7.2015  | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 20.8.2015          |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn | <b>Aðferð:</b> borun                              |



Rannsóknirnar voru í formi ítarlegrar könnunar með töku kjarnabora og könnunarskurða á nokkrum fornbylum í Hegranesi. Ætlunin var að kanna aldur jarða og stærð þeirra í upphafi með sérstöku tilliti til umhverfisbreytinga. Gjóska úr Heklu sem féll 1104 e.Kr. var notuð sem leiðarlag varðandi skilgreiningu á elstu byggð. Öll fornbylanna voru byggð og komin í eyði fyrir 1104 e.Kr. Eftir 1104 voru beitarhús eða stekkir byggðir á sama stað og fornbylin. Elstu fornbylin reyndust Túnfótur og Næfurstaðir í landi Áss.

Uppsöfnun jarðvegs var yfirleitt lítil, um það bil 50 cm. Hún var mest innan túngarða, sem bendir til að torfveggir hafi verið mikilvæg vörn gegn jarðvegsrofi og þar með ýtt undir áframhaldandi framleiðni túna.

Flest fornbylanna lágu í þýfðu og veðruðu mýrarlandslagi.

Á sumum fornbylanna var stunduð sérhæfð framleiðsla svo sem kolavinnsla og torfskurður.

Munur á landnotkun á fornþýlunum getur endurspeglað félagslegan mismun milli þeirra og þýlanna sem þau tilheyrðu. Niðurstöðurnar benda einnig til að breyting hafi orðið á nýtingu lands í Hegranesi um 1104 e.Kr.

### English Summary

The research was composed of detailed survey done by coring and excavating test trenches at few old farms (*fornþýli*) in Hegranes. The purpose of the research was to try to date the settlement of the farms as well as shedding light on their initial size, with certain regard for environmental changes. The main findings of the 2015 coring survey at Hegranes' fornþýli are as follows. These should all be taken as preliminary interpretations.

1. When fornþýli were inhabited for significant periods of time, it tends to be early (pre-1104). Of the sites surveyed, the earliest were Næfurstaður and Túnfótur at Ás.
2. After 1104, little evidence of long-term habitation at fornþýli was observed, and many of these places were re-used as part of agricultural infrastructure for many more centuries.
3. Soil accumulation is significantly deeper inside field walls than outside the walls, suggesting turf walls play an important role in resisting erosion and preserving field productivity.
4. Soil accumulation in areas surveyed was generally shallow - approximately 50 cm, on average, from ground surface to glacial gravel.
5. All fornþýli surveyed in 2015 were located in cryoturbated landscape with eroded, higher land to one side, and wet, lower bogs on the other side.
6. Some fornþýli were used for specialized production, including perhaps charcoal production and peat cutting. Differences in the color and character of midden material between sites requires further analysis and interpretation, which is ongoing.
7. Differences in the use of fornþýli may reflect differences in the social status of the major farm with which they were associated, and may also reflect a shift in landscape organization and use on Hegranes ca. 1104. The fornþýli at Ás were occupied before 1104 and then became farming infrastructure; the fornþýli at Keflavík showed no evidence of long term habitation and were likely not constructed until after 1104.



Mynd 24. Drónamynd sem sýnir fornbylíð Vatnsleysu í landi Haganes. Ljósmynd: Guðný Zoëga.

## 5.6 Eyðibýggð og afdalir Skagafjarðar IX - Kjarnaboranir

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Guðný Zoëga            | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Byggðasafn Skagfirðinga |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015050078        | <b>Númer Þjóms:</b> 2015-28                       |
| <b>Staðsetning:</b> A 492623 N 610853     | <b>Póstnúmer:</b> 566 Hofsós                      |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 10.6.2015 | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 22.10.2015         |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn | <b>Aðferð:</b> blönduð tækni                      |



Verkefnið hefur verið í gangi í tíu ár og miðar að því að rannsaka fornar byggðaleifar í Skagafirði, ekki síst á jaðarsvæðum s.s. hálendi og eyðidölum. Rannsóknin er unnin í tengslum við útgáfu Byggðasögu Skagafjarðar, en niðurstöður rannsóknarinnar eru nýttar við ritun sögunnar.

Alls voru 20 staðir rannsakaðir 2015 á vegum verkefnisins Eyðibýli og afdalir Skagafjarðar. Á öllum stöðum voru teknir borkjarnar til að áætla aldur og gerð minja. Minjarnar voru mældar upp með nákvæmum GPS mælingatækjum. Einnig var mældur upp og skráður fjöldi minja í afréttarlandi í Hrolleifsdal og Flókadal án þess að frekari rannsókn færi þar fram. Aðallega var þar um að ræða seltóftir, beitarhús og réttir.

Margar minjanna voru eldri en ritheimildir bentu til og bættu rannsóknirnar mörgum öldum við þekkta byggðasögu nokkurra bæja. Minjarnar eru hins vegar of margar til að hægt sé að gera grein fyrir niðurstöðunum í stuttu máli.

### English summary

A region-wide survey of settlement history in the Skagafjörður area has been carried out since 2004. In 2015 coring was carried out at 20 sites. The cores confirmed a high age for most of the sites, often adding centuries to the known settlement history of farms.





Mynd 25. Drónamynd sem sýnir Geirmundarhól, horft til SV. Ljósmynd: Guðný Zoëga.

## 5.7 Geirmundarhóll í Flókadal

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Guðný Zoëga            | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Byggðasafn Skagfirðinga |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015060042        | <b>Númer Þjóms:</b> 2015-28                       |
| <b>Staðsetning:</b> A 486348 N 610174     | <b>Póstnúmer:</b> 566 Hofsós                      |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 22.6.2015 | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 22.6.2015          |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn | <b>Aðferð:</b> blönduð tækni                      |



Á Geirmundarhóli í Flókadal var tekinn könnunarskurður í túngarðsvegg til að kanna aldur hans. Skurðurinn var 100x70 cm að stærð og var tekinn í miðjan vegg og inn í túnið. Túngarðsveggurinn hefur verið hlaðinn eftir 1104 en engin gjóska fannst yfir honum þannig að ekki var hægt að afmarka efri aldursmörk betur. Ekki var hægt að greina í honum fleiri byggingarskeið. Í borkjörnum sem teknir voru í túninu komu fram minjar frá því fyrir 1104 og virðist hafa verið búið á Geirmundarhóli allt frá 10.-11. öld. Vera kann að garðurinn hafi ekki verið byggður fyrr en eftir gjóskufallið 1104, en einnig kann að vera að hann hafi verið tekinn ofan og hann endurhlaðinn.

### English summary

A test trench was put in a field boundary wall at the farm Geirmundarhóll in Flókadalur, Skagafjörður, in order to date the wall. The wall dated to after the tephra fall of 1104 but no upper age could be determined. Coring in the field inside the wall showed that Geirmundarhóll was settled before the tephra fall so perhaps the boundary wall was a later construction or had been dismantled and/or repaired after the tephra fell.

## 6. Norðurland eystra



Mynd 26. Möðruvellir. Staðsetning könnunarskurða. Ljósmynd: Landmælingar Íslands/Vala Gunnarsdóttir.

### 6.1 Möðruvellir – Klaustur á Íslandi

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Steinunn Kristjánsdóttir | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015050055          | <b>Númer Þjóms:</b> 2015-22               |
| <b>Staðsetning:</b> A 534381 N 586068       | <b>Póstnúmer:</b> 601 Akureyri            |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 23.6.2015   | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 26.6.2015  |
| <b>Tegund rannsókna:</b> vísindarannsókn    | <b>Aðferð:</b> uppgröftur                 |



Markmið rannsóknarinnar var að leita að rústum klaustursins sem rekið var á Möðruvöllum árin 1296-1547. Grafnir voru fjórir könnunarskurðir á Möðruvöllum. Könnunarskurður 1 var tekinn norðan við nýja kirkjugarðinn. Engin mannvist fannst í skurðinum þrátt fyrir að sýnilegar rústir séu nærri svæðinu. Tveir könnunarskurðir voru teknir um 200 m sunnan við íbúðarhúsin. Þar sýndu mælar nokkuð viðnám. Komið var niður á torfhleðslur frá klausturtíma í þeim báðum. Fjórði könnunarskurðurinn var tekinn nokkru norðar en kirkjan. Á um 60 cm dýpi var komið niður á 40 cm þykkt móöskulag. Undir því var moldarblandað móöskulag, samtals 30 cm þykkt. Engar rústir fundust en í móöskunni fannst postulínsbrot.

#### English Summary

The aim of the research was to search for the ruins of the monastery that operated in Möðruvellir in 1296-1547. Four test pits were dug. Test pit 1 was dug north of the younger cemetery. No cultural layers were found despite visible ruins being close to that area. Two test pits were dug about 200 m south of the houses at Möðruvellir. In that area the geophysical survey showed some resistance. Turf walls from the monastic period were found in both test pits. The fourth test pit was dug slightly north of the church. At 60 cm depth a peat ash layer was found, it measured 40 cm thick. Below it there was a mixed peat ash layer that measured about 30 cm thick. A porcelain fragment was found in the upper peat ash layer. No ruins were found in the test pit.



Mynd 27. Innbærinn á Akureyri. Skurður 4 og veggurinn sem þar kom í ljós. Ljósmynd: Ármann Guðmundsson.

## 6.2 Frumdægur Akureyrar

|   |  |
|---|--|
| <b>Leyfishafi:</b> Ármann Guðmundsson     | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifafræðistofan |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2014070048        | <b>Númer Þjóms:</b> 2015-23                    |
| <b>Staðsetning:</b> A 541971 N 575150     | <b>Póstnúmer:</b> 600 Akureyri                 |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 22.6.2015 | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 26.6.2015       |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn | <b>Aðferð:</b> könnunarskurðir                 |



Verkefnið miðar að því að reyna að staðsetja og rannsaka minjar um elsta verslunarstaðinn á Akureyri. Verkefnið hófst árið 2014.

Tveir skurðir voru grafnir sumarið 2015:

Skurður nr. 3, staðsetning; Aðalstræti 12b. Stærð; 1 m x 6 m. Dýpt 0,70 cm.

Skurður nr. 4, staðsetning; Hafnarstræti 3. Stærð; 1 m x 6 m. Dýpt 1,26 cm.

Í skurði 3 var fljótlega komið niður á brunaleifar sem tengjast líklega því þegar Hótel Akureyri brann árið 1955. Töluvert magn af byggingarefni, gleri og öðrum gripum kom í ljós í því lagi. Undir brunalaginu, í suðurenda skurðarins, kom í ljós veggjahrun og þar undir hlaðinn veggur sem gæti tengst Jensens hóteli sem reist var á þessum stað árið 1859. Ekki var grafið dýpra.

Í skurði 4 var fljótlega komið niður á hlaðinn torfvegg með steinhleðslum sem starfsmenn Minjasafns Akureyrar telja vera leifar fyrsta íbúðarhússins á Akureyri sem reist var árið 1770. Frekari rannsókna er þó þörf til að skera úr um það. Jarðlöggin í skurðinum voru fremur sendin og gætu tengst byggingu fyrrgreinds húss. Þó nokkuð af gripum fannst í og við vegginn og bera þeir þess merki að vera frá 17.-18. öld.

Meginniðurstaðan er því sú að mannvistarlæg og strúktúrar fundust í báðum skurðunum og ljóst þykir að halda verður áfram næsta sumar.

**English Summary**

The project aims at locating the remains of the oldest trading site in Akureyri. The project started in 2014. Two trenches were excavated this summer in Akureyri. One (nr.3) located on the premises of Aðalstræti 12b and the second on the premises of Hafnarstræti 3. Trench number 3 revealed a large destruction layer which can be linked to the fire and demise of Hótel Akureyri which burned to the ground in 1955. Below that layer a wall collapse appeared and under that a solid wall foundation. The collapse and the wall could have been a part of an older hotel situated on the plot. That building was erected in 1859 and was named Jensens Hotel.

Trench number 4 revealed a turf wall with stones on each side. There is a speculation that this could be the remains of the oldest residential building in Akureyri trading post built ca. 1770. Further research is needed to confirm this. The material culture found in trench 4 seems to support this dating.

The main conclusion is that cultural layers and structures were found in both trenches and the project will continue next summer.



Mynd 28. Naust á Akureyri. Skurður fullgrafinn, mynd tekin í vestur, skalar 2 x 2 m. Ljósmynd: Howell M. Roberts.

### 6.3 Naust á Akureyri

|  |   |
|--|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Howell M. Roberts         | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses. |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015050052           | <b>Númer Þjóms:</b> 2015-225                            |
| <b>Staðsetning:</b> A 541867 N 573992        | <b>Póstnúmer:</b> 600 Akureyri                          |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 20.7.2015    | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 29.7.2015                |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdarannsókn | <b>Aðferð:</b> uppgröftur                               |



Rannsóknin fór fram vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu. Með könnunarskurðum fyrri rannsóknar fannst stór skurður, fylltur með torfi og ösku. Svæði umhverfis skurðinn var opnað með vélgröfu sem náði til framkvæmdasvæðisins og út fyrir það. Skurður, um 8 m<sup>2</sup> að flatarmáli (u.þ.b. 10% af svæðinu sem opnað var), var grafinn upp með handverkfærum. Við lok uppgrافتar var snið skurðarins einnig teiknað.

Skurðurinn og fylling hans virðast vera frá því stuttu eftir miðaldir, en tímasetningin er ákvörðuð með könnun bæði á gjóskulögum og gripasafni.


Frekari rannsókn á gripasafni er enn í gangi, þar sem þetta tímabil á Íslands er ekki vel þekkt í útgefnu efni.

#### English Summary

The research was conducted in connection with planned construction work in the area. Previous evaluation trenches had identified an extended large ditch, filled with collapsed turf and midden materials. The area around these trenches was opened using a mechanical excavator, extending to and beyond the limit of the proposed development impact area. A trench measuring circa 8 m<sup>2</sup> (circa 10% of the exposed area) was hand-excavated. At the completion of excavation, the sections of the trench were additionally drawn.

The ditch, and its midden fills appear to date to the early post medieval period, from both tephra evidence and the nature of the artefactual assemblage.


Further study of the artefactual assemblage is ongoing, as this period is under represented in published collections for Iceland.



Mynd 29. Munkaþverá. Staðsetning könnunarskurða. Ljósmynd: Vala Gunnarsdóttir.

## 6.4 Munkaþverá – Klaustur á Íslandi

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Steinunn Kristjánsdóttir | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015050057          | <b>Númer Þjóms:</b> 2015-21               |
| <b>Staðsetning:</b> A 542437 N 561024       | <b>Póstnúmer:</b> 601 Akureyri            |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 24.6.2015   | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 26.6.2015  |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn   | <b>Aðferð:</b> könnunarskurðir            |



